

# *Fjármála- og efnahagsráðuneytið*

---

## *M i n n i s b l a ð*

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið**  
Dagsetning: **17.11.2022**  
Málsnúmer: **FJR22080024**  
Bréfalykill: **3.6**

Efni: Frumvarp til laga um greiðslureikninga - 166. mál

Með tölvupósti, dagsettum 15. nóvember 2022, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir afstöðu ráðuneytisins til þeirra efnislegu athugasemda sem gerðar eru í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) við 166. mál – Greiðslureikningar. Afstaða ráðuneytisins er eftirfarandi.

### **Gildistaka frumvarpsins**

SFF gera athugasemd við fyrirhugaða gildistöku laganna skv. 29. gr. frumvarpsins og leggja til að henni verði frestað til 1. mars 2023. Telja samtökin að nauðsynlegt sé að veita greiðsluþjónustuveitendum hæfilegt svigrúm til þess að innleiða lögin og reglur Seðlabanka Íslands sem settar verða á grundvelli laganna.

Ráðuneytið bendir á að frumvarp til laga um greiðslureikninga hefur verið í smíðum með hléum frá því síðla árs 2015 og hefur SFF haft aðkomu að frumvarpsvinnunni. Frumvarpið var áður flutt á 152. löggjafarþingi (417. mál) en náði ekki fram að ganga og er nú endurflutt að mestu óbreytt. Seðlabanki Íslands hefur þegar birt á vefsíðu sinni umræðuskjal og drög að reglum um staðlað framsetningarform fyrir gjaldafirlit og gjaldskrá og staðlaða hugtakanotkun yfir algengustu tegundir þjónustu sem tengjast greiðslureikningum, og hefur hagaðilum verið gefinn frestur til 9. desember nk. til að koma á framfæri athugasemdum. Fyrirhugað er að reglurnar verði settar í kjölfarið og taki gildi frá sama tíma og lög um greiðslureikninga. Að mati ráðuneytisins er sú óvissa sem vísað er til í umsögninni því ekki lengur til staðar og allir aðilar ættu að geta þegar hafið undirbúning við þessi atriði.

### **Skilríkjavandi flóttamanna og „óstaðsettra í hús“**

SFF ítreka athugasemd sína við fyrri framlagningu frumvarpsins og leggja áherslu á að samhliða lögfestingu frumvarps til laga um greiðslureikninga verði lögfest breyting á 18. tölul. 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem tryggja ætti að flóttamenn sem eru án viðurkenndra persónuskilríkja hér á landi geti fengið greiðslureikning. Þá telja samtökin að nokkur vandi geti skapast í framkvæmd vegna aðila sem teljast óstaðsettir í hús og óska eftir að stofna greiðslureikning.

Ráðuneytið vísar í svör sín við fyrri umsögn SFF og bendir á að frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 140/2018 var samþykkt í vor og orðunum „meðal annars“ komið fyrir í 18. tölul. 3. gr. laganna á undan upptalningu á þeim skilríkjum sem teljast til viðurkenndra persónuskilríkja í skilningi laganna. Með lagabreytingunni ættu lánastofnanir að hafa nægjanlegt svigrúm til að líta á skráningarskírteini umsækjanda, sem og dvalarleyfisskírteini, sem ígildi persónuskilríkja.

Að auki vill ráðuneytið benda á að 13. og 14. gr. frumvarpsins byggja á 2. mgr. 16. gr. greiðslureikningatilskipunarinnar. Samkvæmt ákvæðinu ber aðildarríkjum að tryggja að neytendur með lagalega búsetu á innri markaðnum eigi rétt á að stofna og nota almennan greiðslureikning. Sá

réttur gildir einnig fyrir neytendur án fasts heimilisfangs, umsækjendur um hæli og neytendur sem hefur ekki verið veitt dvalarleyfi en sem ekki er hægt að vísa brott. Jafnframt ber aðildarríkjum að tryggja að ekki sé of erfitt eða íþyngjandi fyrir neytandann að neyta þessa réttar. Í 15. tölul. 2. gr. frumvarpsins er lögmat búseta á Evrópska efnahagssvæðinu skilgreind, til samræmis við skilgreiningu í greiðslureikningatilskipuninni. Í formálsorðum tilskipunarinnar er áréttað að ekki beri að túlka skilyrði um lögmat búsetu þröngt í ljósi meginreglu tilskipunarinnar um tryggt aðgengi að almennum greiðslureikningum á innri markaðnum án tillits til stöðu neytenda. Ef búseta neytanda er skráð hjá Þjóðskrá sem ótilgreind ættu lánastofnanir að geta gengið að því vísu að viðkomandi hafi samt sem áður lögmat búsetu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

### **Uppsögn rammasamninga**

Loks leggja SFF til nýjan tölulið við 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins um heimildir lánastofnana til að segja rammasamningi um greiðslureikning upp einhliða, í þeim tilvikum þegar lánastofnun telur að háttsemi neytanda gagnvart lánastofnun eða starfsfólki brjóti gegn ákvæðum almennra hegningarlaga. Ekki verði gerð krafa um að háttsemin sé tilkynnt til lögreglu.

Ráðuneytið vísar að mestu leyti til athugasemda sinna við umsögn SFF, dags. 2. maí 2022. Að mati ráðuneytisins er heimild til að bæta við viðbótartilvikum við einhliða uppsögn rammasamnings bundin við það að tilvikið varði atvik þegar neytandi misnotar rétt sinn til að stofna og nota almennan greiðslureikninga. Í formálsorðum greiðslureikningatilskipunarinnar kemur fram að undir slík tilvik falli meðal annars afbrot á borð við alvarleg svik gagnvart lánastofnun með það fyrir augum að koma í veg fyrir að slík afbrot endurtaki sig. Með hliðsjón af einu af meginmarkmiði greiðslureikningatilskipunarinnar, um að tryggja neytendum innan EES aðgengi að almennum greiðslureikningi, verður ekki séð að öll hegningarlagabrot geti réttlætt að lánastofnun synji neytanda um aðgang að greiðslureikningi, aukinheldur þegar brot hefur ekki verið sannað.

SFF leggja jafnframt til að bætt verði við heimild til uppsagnar almenns greiðslureiknings vegna varna gegn peningabætti. Ráðuneytið bendir á að 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. nær yfir þau tilvik, en samkvæmt ákvæðinu er lánastofnun heimilt að segja upp rammasamningi ef neytandi hefur notað greiðslureikning í ólögmetum tilgangi af ásettum ráði.